

Norsk skýrsla afhent Barna- og Jafnréttisráðherra Noregs

Úrdráttur og samanburður við íslensk barnalög

Barna og Jafnréttisráðherra Noregs skipaði 11 manna nefnd sem fékk ýtarlegt erindisbréf þann 18. Janúar 2007. Nefndinni var falið að fara yfir barnalögin varðandi forsjá, búsetu og umgengni. Formaður nefndarinnar var Asbjörn Strandbakken, lögfræðiprófessor við háskólann í Bergen. Aðrir í nefndinni voru; Fulltrúi félags um foreldrajafrétti (Foreningen 2 Foreldre), fulltrúi Félags einstæðra foreldra (Aleneforeldreforeningen), fimm starfandi prófessorar frá mismunandi fræðasviðum, héraðsdómari, starfandi sálfræðingur og starfandi lögfræðingur.

Nefndin skilaði skýrslunni við háðtíðlega athöfn á blaðamannafundi, sem var sjónvarpað, þann 29. apríl sl. Skýrslan er 132 blaðsíður. Nefndin er ótrúlega sammála í grundvallaratriðum, þar sem hornsteinn umræðunnar er að aukið foreldrajafrétti séu grundvallarhagsmunir barns. Nefndin klotnar í sumum málum í meirihluta og minnihluta – og birtir álit hvers hluta fyrir sig.

Nefndin kemst að eftirfarandi tillögum sem voru í formi lagatexta

Skáletrað fyrir neðan eru síðan athugasemdir um stöðu mála á Íslandi.

1. Nefndin vildi einróma hnykkja á því að börn geti átt tvö heimili og að foreldrar hafi fullt frelsi til að ákveða sín á milli að barn búi hjá báðum. Geta foreldrarnir þá haft sömu réttarstöðu með samningum eða skráningu og kallast þannig búseta „delt bosted“ eða víxlbúseta. Þannig er hvorugu þröngvað í hlutverk lögheimilis- eða umgengnisforeldris. Áður var ýmislegt komið í norsk lög um að barn geti átt tvö heimili, þó svo að annað hafi betri réttarstöðu í svokölluðu viku / viku fyrirkomulagi. Má þar helst nefna að þegar barn býr svo til jafnt, þá geta báðir fengið barnabætur sem einstæðir foreldrar. Markmiðið er að örva foreldrahlutverk beggja foreldra.

Í íslenskum lögum er ekki gert ráð fyrir því að skilnaðarbörn eigi heimili hjá báðum foreldrum sínum. Annað foreldrið verður að verða lögheimilisforeldri. Viðhorf stjórnslunnar er að annað foreldrið eigi að halda börnum heimili en hitt að rækja fjárhags- og umgengislegar skyldur. Ungu fólkið velur nú viku og viku fyrirkomulagið en stjórnvöld virðast hundska þá

Þróun, eitt allra landa að því er virðist. Þannig er Ísland nú eina landið þar sem ekki má dæma umgengni 7 daga af 14 dögum, eða viku og viku. Síendurteknar rannsóknir sýna í meginráttum að börnum líður betur í jafni búsetu hjá foreldrum sínum og ekki síður að foreldrarnir eru sáttari og tekjur mæðra meiri.

2. Meirihluti sjö nefndarmanna vill að dómari geti dæmt víxlbúsetu barns þegar foreldrar deila um hvar barnið eigi að búa. Slíkur dómur getur þá gengið gegn vilja annars foreldrisins. Meirihlutinn klotnaði varðandi orðalagið á lagataxtanum þannig að fimm vildu einungis opna á slíka heimild þegar sérstakar ástæður (særlige grunner) væru fyrir hendi en tveir í meirihlutanum vildu hafa heimildina alveg opna þannig að dómarrar dæmdu eftir því sem þeir teldu barninu fyrir bestu – fasta búsetu hjá öðru eða báðum.

Á Íslandi er enn verið að deila um það hvort dómaraheimild eigi að fást í forsjárákvörðunum – þ.e. að dómarrar geti dæmt sameiginlega forsjá þó annað foreldrið sé því mótfallið – en Ísland er eina landið, trúlega í Evrópu, þar sem annað foreldrið ræður því hvort barn sé í forsjá beggja eða ekki

3. Meirihluti sjö nefndarmanna telur að lögheimilisflutningur falli undir meiriháttar ákvörðun forsjárvalds. Sé forsjáin sameiginleg, þá þurfi samþykki beggja foreldranna ef samvistir barnsins við umgengnisforeldrið muni torveldast verulega (vesentleg vanskelligere) eftir flutninginn. Ef ekki næst samkomulag má barnið ekki flytja fyrr en úrskurður, til bráðabirgða eða endanlegur, hefur gengið í málinu. Minnihluti nefndarmanna klotnaði í eins manns minnihluta sem vildi enga breytingu og tveggja manna minnhluta sem vildi setja tilkynningarskyldu á lögheimilisforeldrið - 6 vikum fyrir flutning.

Á Íslandi ræður lögheimilisforeldrið þessum málum algjörlega. Á Íslandi má lögheimilisforeldrið flytja í annan landshluta án samráðs við hitt foreldrið, þó svo að fyrirliggjandi sé umgengnissamningur við hitt foreldrið ! Liggur því fyrir að barnið getur nánast misst af því foreldri sem ekki flytur . Hér eru hagsmunir foreldrisins tekir fram yfir hagsmuni barns – ólíkt því sem allar aðrar þjóðir eru nú að feta sig frá. Félag um foreldrajafrétti skrifaði ýtarlega umsögn um þetta ákvæði í frumvarpi Daggar, þar sem settar eru reglur um hvenær þurfi samþykki beggja og hvenær ekki (sjá á foreldrajafrétti.is)

4. Í norskum lögum er í dag tiltekin viðmiðun fyrir „venjulegar samvistir“ eða umgegni barns við það foreldri sem það ekki býr fast hjá. Viðmiðið í lögunum er nú frekar þröngt eða önnur hver helgi og einn eftirmiðdagur aðra hvora viku. Meirihluti átta nefndarmanna vill víkka út viðmiðunina í 5 gistinætur af hverjum 14 ásamt ásamt aukningu í sumar-, haust- og vetrarfríum. Minnihluti tveggja nefndarmanna vildi taka öll viðmið út og sagði slíkt búa til óheppilegt „norm“ sem miðað væri við og drægi athygli frá breytileika einstaklinganna og aðstæðum hvers fyrir sig. Sá minnihluti taldi að réttarfarspróun myndi búa til viðmið um lágmarksumgengni og það væri nóg.

Á Íslandi er umgengni almennt dæmd lítil. Í dómunum er tekið til þess að umgengni er talin mjög rúm ef hún er dæmd 4-5 dagar af hverjum 14 dögum. Mjög rúm !

Lög í Noregi um upplýsingar til handa forsjárlausum foreldrum eru á þann veg að ekkert segir til um að þær upplýsingar séu einungis munnlegar. Þannig er ekki gerður grundvallarmunur á upplýsingum þeirra sem eru með sameiginlega forsjá og þeirra sem eru forsjárlausir. Í lögunum sjálfum er tiltekið að forsjárlausa foreldrið á rétt á upplýsingum frá leikskóla, grunnskóla, sjúkrastofnunum, félagsþjónustunni og lögreglu. Tiltekið er þó að slíkar upplýsingar má ekki gefa ef þær geta brotið trúnað gagnvart högum hins foreldrisins, eða ef slík upplýsingagjöf þjónar ekki hagsmunum barnsins. Neitun á slíkri upplýsingagjöf er kæranleg.

Forsjárlausir á Íslandi hafa ekki rétt til annars en munnlegra upplýsinga. Þeir geta ekki einu sinni farið inn á Mentor og lesið upplýsingar þar um skólasókn og frammistöðu barna sinna!. Þessu vill Dögg breyta í sínu frumvarpi. Það sem gerir stöðu forsjárlausra síðan óviðunandi á Íslandi er að bara hér eru hæfir foreldrar forsjárlausir af því að hitt foreldrið kaus hafa forsjána eitt – og ræður því einhliða. Forsjárlaust foreldri á Íslandi getur ekki höfðað forsjármál og óskað eftir sameiginlegri forsjá, heldur verður að fara fram á fulla forsjá.

Einungis á Íslandi eru við lýði þau lög, að kærasti eða kærasta sem flytur inn hjá foreldri sem fer eitt með forsjá barns verður sjálfkrafa forsjárforeldri barnsins eftir 12 mánaða sambúð. Þar með er kærastan eða kærastinn orðið réttþærra en hitt foreldrið. Hitt foreldrið, sem getur verið forsjárlaust vegna þess að lögheimilisforeldrið ákvað það eða sagði sameiginlegu forsjánni upp. Það foreldri getur þess vegna haft mikla umgengni og verið mjög virkt foreldri barna allt að 18 ár aldri. Við fráfall forsjárforeldrisins, er ljóst að kærastinn eða kærastan fær sjálfkrafa forsjána. Lög í Noregi varðandi fráfall annars foreldrisins eru á þá leið að ef forsjáin

er ekki sameiginleg milli foreldranna við fráfall forsjárforeldris, þá fær enginn forsjána sjálfkrafa, hvorki hitt foreldrið né hugsanlegur sambúðaraðili. Forsjáin þarf þá að úrskurðast, og koma þá bæði skyldir og óskyldir aðilar til greina.

Lögin hér eru skandali, trúlega misstök í lagasetningu og algjör tímaskekkja. Þessu vill Dögg breyta og í umsögn um þá breytingu sagði Sýslumannafélagið eftirfarandi: „Fullyrða má að núgildandi regla barnalaga um að við andlát foreldris, sem fer eitt með forsjá, fari forsjá til stjúpforeldris, sé því til að dreifa, er ekki í samræmi við réttarvitund almennings“

Stærsta málið sem aðskilur Ísland frá öllum öðrum löndum er vissulega sú staða að annað foreldrið getur ákveðið að vera eitt með forsjána einungis með það að markmiði að hindra að hitt foreldrið hafi hlutdeild í henni. Bæði getur það átt sér stað við skilnaðinn og einnig seinna þar sem annað foreldrið getur sagt upp sameiginlegu forsjánni, þegar á hana reynir. Þess vegna hefur hún lítið gildi – eins og öll réttindi sem hægt er að segja upp þegar á þau reynir.

Júní 2008

Lúðvík Börkur Jónsson

Formaður félags um foreldrajafrétti.